



LÍFEYRISMÁL

Arnaldur Loftsson

Framkvæmdastjóri Frjáls lífeyrissjóðsins

Aukið frelsi í lífeyrismálum jákvætt fyrir sjóðfélaga

Það var svo sannarlega ánægjuefni fyrir sjóðfélaga lífeyrissjóða sem heyra undir samningssvið ASÍ og SA þegar í byrjun árs 2016 var samið um að þeim væri frjálst að ráðstafa allt að 3,5 prósentustígum af 15,5% iðgjaldi í séreignarsjóð í stað þess að allt iðgjaldið rynni óskipt í samtryggingu. Einn helsti kostur þessa er að iðgjald í séreignarsjóð erfist við fráfall og veitir sjóðfélögum meira frelsi og sveigjanleika við útgreiðslu. Fjármálaeftirlitið úrskurðaði í júlí í fyrra að sjóðfélagar geti valið í hvaða séreignarsjóð iðgjaldið er greitt.

Tilgreind séreign – þrengri útborgunarreglur

Verra var að samið var um að iðgjaldið færi í nýja tegund séreignar, svokallaða tilgreinda séreign, sem er bundin þrengri útborgunarreglum en frjáls séreign. Tilgreind séreign er laus við 62 ára aldur og skulu greiðslur hennar dreifast að lágmarki fram að 67 ára aldri.

Mun frjálsari útgreiðsluheimildir gilda aftur á móti um frjálsa séreign, eins og viðbótarlífeyrissparnað, sem er að fullu laus til útgreiðslu

þegar að 60 ára aldri er náð. Slíkt frelsi er mikill kostur fyrir einstaklinga enda getur verið mjög mismunandi hvaða fyrirkomulag á útgreiðslu hentar þeim best.

Ráðstöfun iðgjalds breytt í frjálsa séreign?

Hvers vegna ákváðu aðilar á vinnumarkaði að iðgjaldinu skyldi ráðstafað í tilgreinda séreign með þrengri útgreiðsluheimildum í stað frjálsrar séreignar? Vilhjálmur Birgisson, verkálýðsforingi á Akranesi, hefur gagnrýnt þá ákvörðun opinberlega. Í máli hans hefur komið fram að markmið ASÍ og SA hafi verið að útgreiðslur tilgreindrar séreignar kæmu til skerðingar á lífeyri frá Tryggingastofnun (TR) í framtíðinni. Hér er rétt að hafa í huga að útgreiðslur eftirlauna úr samtryggingu lífeyrissjóða

koma til skerðingar á ellilífeyri frá TR en hið sama gildir ekki um útgreiðslur úr séreign.

Þannig virðist tilgreind séreign m.a. afmörkuð frá frjálsri séreign til að hún geti síðar skert ellilífeyri frá TR með sama hætti og eftirlaunagreiðslur úr samtryggingu. Markmiðið með þessu væri að sjóðfélagar væru ekki betur settir gagnvart TR með því að velja að 3,5% iðgjald færi í tilgreinda séreign frekar en í samtryggingu.

Það er jákvætt að í nýlegu viðtali við Ragnar Þór Ingólfsson, formann VR, kemur fram að félagið geri kröfu um að þeirra félagsmenn geti ráðstafað 3,5% af iðgjaldinu í frjálsa séreign í stað tilgreindar séreignar. Ástæða er til að fagna þessari kröfu VR og vonandi næst sátt um hana. Með þessari breytingu fengju sjóðfélagar meira frelsi um útgreiðslur og jafnframt yrði lífeyriskerfið gert einfaldara.

” Þannig virðist tilgreind séreign m.a. afmörkuð frá frjálsri séreign til að hún geti síðar skert ellilífeyri frá TR með sama hætti og eftirlaunagreiðslur úr samtryggingu.

Greitt inn á húsnæðislán

Í fyrrnefndu viðtali við Ragnar Þór kom jafnframt fram að VR geri einnig kröfu um að félagsmenn geti notað þann hluta skylduiðgjaldsins sem nú fari í tilgreinda séreign til að greiða inn á húsnæðislán og að ungt fólk geti notað hann til að safna

fyrir útborgun í íbúð. Í dag er eingöngu hægt að nota viðbótarlífeyrissparnað í þessum tilgangi.

Þessi krafa VR er í samræmi við tillögur starfshóps forsætisráðherra sem skilaði skýrslu í byrjun árs um hlutverk lífeyrissjóða í uppbyggingu atvinnulífs. Rökin eru þau að með 15,5% iðgjaldi í lífeyrissjóð alla starfsævina munu einstaklingar safna upp tiltölulega góðum eftirlaunaréttindum og með viðbótarlífeyrissparnaði gætu þau jafnvel orðið hærri en atvinnutekjur. Jafnframt má líta á niðurgreiðslu húsnæðislána sem lífeyrissparnað í þeim skilningi að hægt er að nýta lítið skuldsett húsnæði sem lífeyri með ýmsum hætti.

Hugmyndir VR og fyrrgreinds starfshóps eru atvinnuhyggislegar og rétt að stjórnvöld taki þær alvarlega til skoðunar.